

Breytingartillögur

við till. til þál. um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak árið 2003 og birtingu skjala og annarra upplýsinga um málið.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Orðin „sem hafi vald“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
2. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Nefndin hafi það vald sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að kalla hvern þann til skýrslugjafar sem kann að geta upplýst um tildrög ákvörðunarinnar.
3. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Nefndin athugi meðal annars:
 - a. hvort sérstök beiðni barst um þennan stuðning, hver beiðandinn var og að hverjum beiðnin beindist innan íslenska stjórnkerfisins,
 - b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan,
 - c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat,
 - d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar,
 - e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert,
 - f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins,
 - g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti,
 - h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.
4. Í stað dagsetningarinnar „1. júní 2011“ í 2. mgr. komi: 1. desember 2011.